



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningarátak á bílhúsum (US190312).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 25. september 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að Reykjavíkurborg og Bilastæðasjóður ráðist í kynningarátak á bílhúsum miðborgar og frekari þróun á viðeigandi snjallforritum með það fyrir augum að gera miðborgina aðgengilegri.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 6. nóvember 2019.

Umsögn:

Frá því að tillagan var lögð fram hefur verið tekið í notkun nýtt aðgangsstýringarkerfi fyrir bílahús borgarinnar, sem m.a. gerir notendum kleift að greiða fyrir notkun með snjalllausnum, svo sem smáforritum fyrir snjallsíma. Einnig er áfram hægt að greiða fyrir notkun í greiðsluvélum í húsunum sjálfum.

Að mati skrifstofunnar er ekki þörf fyrir sérstakt kynningarátak á bílahúsunum nema þá helst Stjörnuport og Vítorgi. Önnur bílahús eru að jafnaði vel nýtt.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri